

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar

Ársreikningur Fjarðabyggðar 2008 Fyrri umræða í bæjarstjórn 28. maí 2009 Helga Jónsdóttir bæjarstýra

Forseti, ágætu bæjarfulltrúar

Ársreikningur Fjarðabyggðar er hér lagður fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn en eins og sveitarstjórnarlög kveða á um skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í bæjarstjórn. Seinni umræða um ársreikninginn verður á bæjarstjórnarfundi 4. júní n.k.

Ársreikningurinn – eins og ársreikningar annarra sveitarfélaga, sem litið hafa dagsins ljós að undanfögnu – endurspeglar glögg þau umskipti sem urðu í efnahagsbúskap þjóðarinnar á árinu 2008. Á heimasíðu Sambands ísl. Sveitarfélaga þar sem gerð er grein fyrir ársreikningum sem einstök sveitarfélög hafa afgreitt eru yfirskriftirnar „slæm afkoma“ og „gríðarlegar hækkanir fjármagnsliða“. Sambandið sá tilefni til þess að kalla forsvarsmenn sveitarfélaga saman til sérstaks fundar fyrir í þessum mánuði til að fjalla um rekstrarvanda sveitarfélaganna og leiðir til lausnar. Það var góður fundur og þar stöppuðu menn stálinu hver í annan og skiptust á hugmyndum um hvernig lækka mætti útgjöld. Færri hugmyndir voru um hækkun tekna því fæstum eru augljósar leiðir til að auka álögur á heimili og fyrirtæki í landinu. Eftir áralanga uppsveiflu þar sem gnótt var af ódýru lánsfé og bjartsýni og framkvæmdagleði voru víðast litlar skorður settar, kom í ljós að undirstöður velsældarinnar voru feysknar. Hrun bankakerfisins, mikil verðbólga og gengisfall krónunnar segja til sín í uppgjörum sveitarfélaga og ríkis og fyrirtækin í landinu sigla í ólgusjó sem mörg hafa því miður ekki komist gegnum. Fjárhagserfiðleikar sveitarfélaganna eru meiri en áætlað var síðast þegar forsvarsmenn þeirra hittust undir lok árs 2008 og verulega erfið rekstrarstaða þeirra er staðreynd. Sem dæmi um forsendur sem breyttust má nefna að verðbólga á árinu 2008 reyndist 18,1% en sveitarfélögin höfðu miðað við verðlags- og gengisbreytingar eins og áætlanir ríkis og Seðlabanka gerðu ráð fyrir, þ.e. 2,5 – 3,0%. Gengisvísitala í árslok 2008 sem við var miðað í áætlunum var um 123 stig en í árslok reyndist hún 216 stig.

Hjá Fjarðabyggð sagði þessi óáran í efnahagslífinu til sín með ýmsum hætti en mest þó í fjármagnskostnaði sem varð margfalt hærri en ráð var fyrir gert í fjárhagsáætlun. Eins og sést í uppgjörinu nema reiknaðar verðbætur og gengismunur 1.720 mkr. Þessar reiknuðu stærðir höfðu þó ekki veruleg greiðsluáhrif á árinu og vonir standa til að þær breytist með hagfelldari hætti til framtíðar. En fjármagnskostnaðurinn fólst ekki bara í reiknuðum stærðum sem kunna að breytast til betri áttar – afborganir og vextir af skuldum við lánastofnanir á árinu 2008, sem fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að næmu 674 mkr. urðu 814 mkr. Þá voru jafnframt afborganir og vextir af leigusamningum utan efnahags þyngri en áætlun gerði ráð fyrir. Skuldbreytingar og lenging lána reyndist ekki tiltækur kostur eins og við þó höfðum mátt gera ráð fyrir. Þegar í stað var brugðist við og ýmsum áformuðum fjárfestingum slegið á frest jafnframt því sem gripið var til hagræðingaraðgerða, sem munu skila sér á þessu ári og þeim næstu. Verður nánari grein gerð fyrir þeim í umræðu um endurskoðaða fjárhagsáætlun undir næsta dagskrárlið.

Sérstaða Fjarðabyggðar meðal sveitarfélaga felst ekki síst í þeim breytingum sem fylgt hafa geysilegri atvinnuuppbyggingu, fjölgun íbúa og breyttri íbúasamsetningu. Sennilega eru þess fá dæmi í veröldinni að jafnmannaflsfrekum rekstri og verksmiðju Alcoa Fjarðaáls hafi verið fundinn staður í jafnfámennu samfélagi og hér er. Ég trúi því líka að fá dæmi séu um uppbyggingu af þessari stærðargráðu sem gengið hafi jafnfarsællega í ekki stærra samfélagi. Það byggðist ekki síst á því að tímabundið fengum við notið tilstyrks erlendra starfsmanna, sem tóku þátt í uppbyggingunni, unnu sín verk í sátt við samfélagið og skiluðu sínum sköttum til þess. Að verktíma loknum hurfu þeir héðan en eftir standa mannvirki sem skila miklum verðmætum inn í þetta samfélag. Meðal verðmætanna sem hér eru nú er stjórnunarþekking, verklag og verkferlar sem urðu til þess að svo vel tókst að leysa verkefnið meðan á uppbyggingu stóð. Fyrir það voru veittar viðurkenningar t.d. í umhverfismálum og vinnuverndar- og öryggismálum. Sem betur fer var það ekki aðeins á uppbyggingatímanum sem viðurkenningar voru veittar – þess er skemmst að minnast að jafnréttisviðurkenning félagsmálaráðherra féll Alcoa Fjarðaáli í skaut á síðasta ári. Það var vegna markvissra vinnubragða við að gera vinnustað, sem almennt hefði verið talinn týpískur karlavinnustaður, aðlaðandi fyrir konur, og fyrir að hafa laðað konur til verka í fyrirtækinu. Í hnotskurn var verið að veita viðurkenningu fyrir mannauðsstjórnun og markviss vinnubrögð. Í þessari þekkingu á vinnubrögðum, í miklum kröfum t.d. varðandi umhverfismál og endurvinnslu felast tækifæri fyrir okkur sem sveitarfélag. Það er hluti af fjárfestingasamningi milli ríkisins og Alcoa Fjarðaáls að fyrirtækið leitist við að skila inn í íslenskt samfélag nýsköpun sem fylgir rekstri fyrirtækisins. Sveitarfélagið á nú í

samstarfi við fyrirtækið um að stíga ákveðin skref í þessu efni. Vonandi líta samningar þar um ljós alveg á næstunni.

Augljóst var að kalla þurfti fólk inn í sveitarfélagið til þess að vinna þau nýju verk sem hér þarf að sinna. Jafnframt tók mikill fjöldi íbúa í Fjarðabyggð að sér verkefni á nýjum vinnustöðum, sem auðvitað hafði áhrif á þá vinnustaði sem fyrir voru og gaf m.a. færi á endurskoðun og hagræðingu í ýmsum tilvikum. Viðfangsefni tengd nýjum íbúum og annars konar íbúasamsetningu koma til viðbótar því að verið er að sameina í eitt sveitarfélag byggðarlög, sem hvert fyrir sig hafði byggt upp þjónustu og mannvirki í samræmi við þarfir og getu hvers þeirra. Til þess að styrkja stöðirnar og gera sveitarfélaginu kleift að taka við þessum miklu verkefnum var uppbygging mikil og víða í sveitarfélaginu. Það voru ekki bara ný hverfi sem voru skipulögð og götur gerðar íbúðarhæfar heldur var byggð ný og glæsileg höfn, ný vatnsveita og hitaveita og skólar, leikskólar og íþróttamannvirki voru ýmist byggð ný eða endurnýjuð. Þetta vitum við öll og við vitum líka öll að fyrir þessa uppbyggingu þarf að greiða og að rekstur nýju mannvirkjanna kostar sitt.

En rekstur sveitarfélaga felst ekki bara í útgjöldunum – tekjurnar eru forsenda þeirrar þjónustu sem unnt er að veita. Þar er sérstaða Fjarðabyggðar líka mikil í hópi sveitarfélaga. Tekjugrunnurinn er óvída jafnstærkur og hér, starfsemin við Mjóeyrarhöfn felst ekki aðeins í rekstri Alcoa Fjarðaáls með um 450 starfsmenn, heldur hafa stór fyrirtæki eins og Vélsmiðja Hjalta, Launafl, Gámaþjónustan, Vélaborg, skipafélögin o.fl. á að skipa hundruðum starfsmanna. Sjávarútvegsfyrirtækin hafa sérhæft sig og byggt sig upp miðað við staðarkosti og standa traustum fótum. Þannig er þetta sveitarfélag í þeirri öfundsverðu stöðu sem flesta dreymir um nú – hér er verðmætasköpun og útflutningsframleiðsla sem skilar gjaldeyristekjum í þjóðarbúið. Þess vegna eru horfur í atvinnumálum hér allt aðrar og betri en víðast annars staðar og atvinnuleysistölur meðal þess lægsta sem gerist. Raunar tel ég augljóst að keppikefli okkar á næstum mánuðum og misserum sé einmitt að laða hingað til búsetu fleira fólk með sérfræðipækkingu sem fyrirtæki í sveitarfélaginu kaupa nú að miklu leyti af „sérfræðingum fyrir sunnan“. Við eigum að nýta kaupkraftinn sem hér er sem mest á staðnum, því staðarþekking og rætur í samfélaginu skipta máli við úrlausn verkefna.

Mjóeyrarhöfn er sýnilega töluverður segull og náttúrukostirnir, sem m.a. felast í miklu aðdýpi og hreinni innsiglingu, vekja áhuga eins og t.d. má sjá á umsókn um lóð undir olíubirgðastöð sem nú er til meðferðar hjá bæjaryfirvöldum. Ég er þeirrar sannfæringar að enn eigum við óinnleyst fjölmörg tækifæri til að styrkja tekjugrunninn til framtíðar, fleira fólk mun leita hingað vegna þeirra fjölbreyttu atvinnutækifæra sem hér bjóðast. Það er mikilvægt – ekki síst vegna þess að uppbygging síðustu ára gerir okkur kleift að þjóna fleiri íbúum án viðbótarfjárfestingar.

Endurskoðendur benda á það í skýrslu sinni að aðgangur að lánsfjármagni sé bæði erfiður og dýr um þessar mundir. Því sé mikilvægt að leita allra leiða til að auka hagkvæmni rekstrar sveitarfélagsins þannig að fjármunamyndun standi undir afborgunum af skuldum og skuldbindingum. Þá er bent á möguleika á að selja eignir til að létta skuldabyrðina.

Við hljótum að taka tillit til þessara ábendinga endurskoðendanna. Viðfangsefnið er að skipta gæðunum með skynsamlegum hætti þegar vel árar og leitast við að dreifa byrðum réttlátlega þegar ver stendur á. Þrátt fyrir þá óáran sem nú blasir við eru horfur í þessu sveitarfélagi mun jákvæðari en víðast annars staðar þegar til framtíðar er litið. Undirstöðurnar eru traustar, fyrirtækin í Fjarðabyggð skila miklum og verðmætum útflutningstekjum inn í þjóðarbúið og tekjustig íbúa er hátt. Atvinnuleysi er með því minnsta sem gerist og við höfum allar forsendur til að sjá tekjustofnana vaxa verulega.

Undir næsta dagskrárlið verður fjallað um lækun útgjalda í endurskoðaðri fjárhagsáætlun og frekari möguleika til hagræðingar í rekstrinum. Í þeirri umræðu verður horft til framtíðar og viðbragða við þeirri erfiðu stöðu sem nú blasir við. Sem betur fer eigum við ýmsa möguleika til frekari hagræðingar og innviðir hafa verið treystir mjög á undanförunum árum. Sú er ástæðan fyrir miklum skuldum og háum fjármagnskostnaði en að þeim fjárfestingum búum við þó til framtíðar.

Um leið og ég þakka forstöðukonu fjármála, Jónu Árnýju Þórðardóttur, fyrir hreint ótrúlegt vinnuframlag við uppgjör og gerð ársreiknings og endurskoðun fjárhagsáætlunar á liðnum mánuðum bið ég hana nú að gera bæjarstjórn grein fyrir helstu niðurstöðum ársreikningsins. Ég vil þó áður nota tækifærið til að þakka endurskoðendum, Hlyni Sigurðssyni og Magnúsi Jónssyni hjá KPMG, faglega samvinnu. Magnús mun gera grein fyrir endurskoðunarskýrslunni þegar Jóna Árný hefur lokið máli sínu.